

**82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til þeirra Kochs og 1863.
Hendersons, útgjörðarmanna gufuskipins, um 20. októberm.
félán til að kaupa fyrir skip.**

Útaf því, að þér í bænarskrá, dagsettri 20. dag júlím. þ. á., sækid um, að fá að láni úr ríkissjóðnum 90,000 rdl. til styrks til að útvega yður nýtt gufuskip og stærra til póstferðanna milli Danmerkur og hinna norðlægu hjálenda, þá skal yður hérmeð kunngjört, eptir að skrifazt hefir verið á um málið við fjárstjórnina, að dómsmálastjórnin ekki sèr veg til að útvega yður lán þetta.

**83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna 20. októberm.
á Íslandi, um gjald fyrir geymsluð, er greitt var
inn í jarðabókarsjóðinn.**

Með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 22. ágúst. þ. á., hefir dómsmálastjórnin meðtekið aptur bréf Thorsteinsons landfógeta; í því bréfi skýrir hann frá, að þér hafið skorazt undan að greiða gjald það, sem ákveðið er í konungsúrskurði 8. d. maím. 1839, fyrir 5000 ríkisdali af fè Kaldaðarnesspítala, er þér höfðuð borgað inn í jarðabókarsjóð Íslands 25. d. júním. þ. á. svo, að það skyldi biða ráðstöfunar frá yðar hálfu; skýtur hann því þessvegna til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort sèr ekki beri $\frac{1}{2}$ af hundraði í geymslueyri fyrir fè þetta og jarðabókarsjóðnum $\frac{3}{4}$ af hundraði, ef stiptsyfirvöldin hafi fengið áður greinda 5000 rdl. greidda úr aðalféhirzlu ríkisins hér í borginni; en ef þessu verði neitað, þá beiðist hann úrskurðar um, hvernig að skuli fara þegar svona stendur á, einkum um það, hvort í þessu efni eigi að gjöra undantekning frá reglunni í konungsúrskurðinum þegar er að gjöra um fè opinberra stofnana.

Útaf þessu kunngjörir dómsmálastjórnin yður, að bæði orðin í konungsúrskurðinum og tilgangur hans sýna, að ekki verður heimtað, að fè opinberra stofnana sè undanþegið, að

1863.
20. októberm. greiddur sè fyrir það sá geymslueyrir, sem þar er ákveðinn, þegar það er látið í jarðabókarsjóðinn, hvort sem fèð á að vera í sjóðnum þangað til önnur ráðstöfun er um það gjörð, eður það þegar á að borgast aptur út úr aðalféhirzlu ríkisins; og hvað snertir fè það, sem hær er um rætt, þá var í raun og veru svo til ætlazt, að það yrði borgað út úr aðalféhirzlunni, (sbr. uppástungu yðar frá 24. júnímán. þ. á. og bréf dómsmálastjórnarinnar 13. ágústmán. s. á.), jafnvel þó skýrteini það, sem heimtað var og útgefið fyrir því, væri í sama formi og þau skýrteini, sem gefin eru fyrir fè, sem á að vera í jarðabókarsjóðnum þangaðtil því verði öðruvísi ráðstafað, og ber því samkvæmt greindum konungsúrskurði að greiða fyrir þessa 5000 rdl. einn af 100 (1 p. C.); fær jarðabókarsjóðurinn $\frac{3}{4}$ af því gjaldi en landfógetinn $\frac{1}{4}$.

Að endingu er ástæða til að geta þess eptir atvikum máls þessa, að stjórnarráðið vonast eptir, að þegar fè opinberra stofnana eður annað þesskonar fè framvegis verður borgað inn í jarðabókarsjóðinn og svo er til ætlazt, að sama upphæðin aptur verði út borguð úr aðalféhirzlu ríkisins, þá verði ávallt heimtuð og útgefin þau skýrteini um að fèð hafi verið borgað í jarðabókarsjóðinn, sem vanalegt er við að hafa þegar svo er ástatt.

23. októberm. **84. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um umsjónarmannsstörf við hinn lærða skóla og um skipting á aðstoðarfè.**

Stjórnarráðið hafði 6. dag júlímán. þ. á. skorað á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að útvega álit skólameistara hins lærða skóla um það, hvernig haga skuli framvegis umsjóninni við skólann og þvínæst að koma fram með uppástungur um, hvernig skipta skuli þeim 1100 ríkisdöllum, sem í fjárlögum þessa árs og síðari kafa í 2. gr. í lögum 19. janúarmán. þ. á. er veitt sem aðstoðarfè með þeim gjöldum Íslands, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, og einkum hvernig skipta skuli þeim 370 rdl., sem með hinni síðar töldu laga-